



# FRÁ RITSTJÓRA

Gunnar Örn Petersen

Lögrétta, félag laganema við Háskólann í Reykjavík, fagnar fimm ára afmæli sínu 8. mars næstkomandi. Félagið hefur vaxið hratt og varð strax í forystu nemendafélaga við Háskólann í Reykjavík. Tímarit Lögréttu er án efa flaggskip félagsins - táknið um það mikla og öfluga starf sem þar er unnið. Tímaritið hefur vaxið og eflst frá fyrstu útgáfu og æ fleiri höfundar sýna því áhuga að birta verk sín í ritinu. Strax í upphafi var grunnurinn lagður að því að í ritinu skyldu birtast vönduð skrif tengd lögfræði og í pistli fyrsta ritstjóra tímaritsins var skýr ritsjónarstefna mörkuð. Í tímaritinu skyldu birtast þrenns konar greinar. Í fyrsta lagi ritryndar fræðigreinar sem fela í sér sjálfstæða fræðilega rannsókn höfundar og nýtt framlag til þekkingar á lögfræðilegum viðfangsefnum. Í öðru lagi óritryndar greinar, t.a.m. styttri greinar, dómaumfjallanir og greinar um lagalega hlið mikilvægra málefna liðandi stundar. Í þriðja lagi útdrættir úr ritgerðum nemenda við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Þessi þrískipta uppbygging er nú að festa sig í sessi og er óhætt að segja að hún kristallist í þessu hefti. Það er skýr stefna núverandi ritnefndar að efni blaðsins eigi að vera sem fjölbreyttast og teljum við því afar mikilvægt að hlúa að öllum greinaflokkunum þremur.

Til að ná fyrrnefndu markmiði um vandaðar ritryndar greinar var mótað sérstakt ritryñiferli sem stöðugt er í þróun og endurskoðun. Fyrir útgáfu þessa heftis hætti störfum fyrri ritryñinefnd sem skipuð var þeim Símoni Sigvaldasyni, Gizuri Bergsteinssyni og Kristínu Benediktssdóttur eftir tveggja ára gott starf fyrir Tímarit Lögréttu og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Samhliða því að skipa nýja ritryñinefnd var starfsemi nefndarinnar breytt verulega með það að markmiði að bæta ritryñiferlið enn frekar. Nefndina skipa nú fjórir ritryñendur og einn sérstakur verkefnastjóri sem einnig er formaður nefndarinnar. Ritryñiferlið

er tvíblint, þ.e. hvorki ritryñendur né höfundar vita deili hver á öðrum. Verkefnastjórinn er tengiliður milli þeirra og sér um að ferlið gangi vel og snuðrulaust. Í hinni nýju ritryñinefnd sitja Dr. juris Guðrún Gauksdóttir, Dr. Oddný Mjöll Arnardóttir, Jakob R. Möller hrl. og Hákon Árnason hrl. Formaður nefndarinnar og verkefnastjóri er Dr. juris Guðmundur Sigurðsson.

Á vordögum 2007 urðu mikil tímamót í sögu lagadeildar HR. Voru þá í fyrsta skipti útskrifaðir nemendur úr meistaranámi í lögfræði. Ritnefnd Tímarits Lögréttu óskar þessum nemendum hjartanlega til hamingju með þennan merka áfanga um leið og hún vill þakka þeim fyrir að hafa tekið þátt í því frumkvöðlastarfi sem unnið hefur verið við deildina. Af þessu tilefni fannst ritnefndinni við hæfi að setja á fót nýjan þátt í blaðinu, þátt sem stefnt var á í upphafi en getur nú fyrst orðið að veruleika. Framvegis munu því birtast greinar úr meistaraaritgerðum nemenda við skólann. Fyrstu ritgerðina á Ragna Björk Ragnarsdóttir og fjallar hún um viðurlög við samkeppnisbrotnum.

Þá eru tvær ritryndar greinar í blaðinu. Fyrst ber að nefna ritrynda grein Erlendar Gíslasonar um svokallaðan Höfðaborgarsamning um alþjóðleg réttindi í hreyfanlegum tækjum og bókun er varðar loftför og búnað í loftförum. Næst ber að nefna ritrynda grein Jóns Elvars Guðmundssonar um skattalega heimilisfesti. Greinin er að nokkru leyti hugsuð sem andsvar við grein Ásmundar G. Vilhjálmssonar sem birtist í síðasta hefti Tímarits Lögréttu.

Þá ber að nefna grein Önnu Lindu Bjarnadóttur um skattareglur og EES-samninginn í ljósi dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 5. janúar 2007 í málinu nr. E-3650/2006.

Að lokum vil ég ítreka þakkir til fráfarandi ritryñinefndar og bjóða nýju nefndina velkomna til starfa.